

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og gámagjald, sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjöldin greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Fyrir íbúðir í þéttbýli og dreifbýli þar sem sorphreinsun fer fram greiðast kr. 19.000 í sorphirðugjald og kr. 16.500 á íbúð í sorpeyðingargjald. Miðað er við tvær sorptunnur í sorphreinsunargjald, en húseigendum eru í upphafi afhentar tvær, önnur fyrir almennt sorp og hin fyrir flokkað sorp.
- b) Fyrir sumarbústaði þar sem sorphirða fer ekki fram greiðast kr. 5.500 á bústað í sorpeyðingargjald og kr. 8.300 á bústað í gámagjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 7. desember 2017 með stoð í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ nr. 1343/2016.

Snæfellsbæ, 7. desember 2017.

Kristinn Jónasson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. janúar 2018